

Vefrit fjármálaráðuneytisins

10. janúar 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs nóvember 2007

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) eftir fyrstu ellefu mánuði ársins 2007 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjöri nam handbært fé frá rekstri 53,5 ma.kr. innan ársins, sem er 1,5 ma.kr. betri útkoma en á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er neikvæður um 8,1 ma.kr., sem er 58 ma.kr. lakari útkoma en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárukningu í Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárframlagi. Tekjur, án eignasölu, reyndust tæpum 44 ma.kr. meiri en á sama tíma á síðasta ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 388,5 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Það er tæplega 50 ma.kr. aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 16%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,0% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5% og var því raunaukning skatttekna og tryggingargjalda 7,7%. Aukning annarra rekstrartekna um 33% milli ára skýrist að mestu af vaxatekjum af skammtíma- og langtímalánum, en þær jukust um 5,4 ma.kr. á milli ára.

Skattar á tekjur og hagnað námu 123,7 ma.kr. og jukust um tæpa 20 ma.kr. frá síðasta ári, eða 19,0%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 8,7%, tekjuskattur lögaðila um 28,4% og fjármagnstekjuskattur um 54,6%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 5,4% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,0%. Innheimta eignarskatta nam 10,5 ma.kr. og jókst um 27,5% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 8,6 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um rúma tvo ma.kr. frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta nam 175 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins og jókst um 9,1% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3,9% umfram hækkan vísitölu neysluverðs.

Greiðd gjöld nema 326,9 ma.kr. og hækka um 42 ma.kr. frá fyrra ári eða um tæp 13%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 11,8 ma.kr. eða tæp 18%. Þar munar mest að lífeyrstryggingar hækka um 6,4 ma.kr. á milli ára, barnabætur um 2,6 ma.kr. og fæðingarorlofsgreiðslur um 2,1 ma.kr. Almenn opinber þjónusta hækkar um 6,9 ma.kr. eða um 20%. Þar hækka vaxtagjöld mest af einstökum liðum eða um rúma 3 ma.kr. Þar munar mestu að á þessu ári kom til greiðslu fyrsti gjaldþagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 ma.kr. Aukning útgjalda til heilbrigðismála á milli ára er 8,2 ma.kr., til efnahags- og atvinnumála 6,9 ma.kr. og til menntamála 3,8 ma.kr.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs fyrstu ellefu mánuði ársins nam 45,6 ma.kr. í heild, en hrein lánsfjárbörf var 8,1 ma.kr. Afborganir lána fyrstu ellefu mánuðina eru 33,8 ma.kr., þar af hefur 11,3 mö.kr. verið varið til uppgreiðslu erlendra lána. Heildar lántökur tímabilsins nema 58,4 mö.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Mestur hluti lántökkunnar er annars vegar vegna skuldabréfaútgáfu í tengslum við kaup ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og hins vegar útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvixlum.

Um gjafir og góða starfshætti

Í **leiðbeiningum** sem fjármálaráðuneytið setti í ársbyrjun 2006 um þau viðmið og gildi sem ríkisstarfsmaður skuli ekki þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi hans ef almennt má líta á það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Sanngjarnt sé að víkja frá þessu ef um afmælisgjafir eða annars konar tækifærisgjafir er að ræða, enda séu verðmæti þeirra innan hóflegra marka. Skal hafa samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

Leiðbeiningarnar voru settar fram í formi dreifibréfs sem sent var öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum og er það jafnframt að finna á vef

fjármálaráðuneytisins með öðrum dreifibréfum er varða málefni ríkisstarfsmanna og ennfremur á svonefndum [stjórnendavef](#) sem fjármálaráðuneytið heldur úti fyrir stjórnendur ríkisstofnana.

Leiðbeiningarnar geyma kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til starfa og háttsemi ríkisstarfsmanna og fram koma í skráðum og óskráðum réttarreglum. Í því sambandi er sérstaklega skírskotað til krafna um vammleysi ríkisstarfsmanna í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.


Í leiðbeiningunum segir að þau viðmið sem þar séu sett fram verði jafnan að taka mið af aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórn-sýslunnar. Er því lagt fyrir stjórnendur að meta sjálfstætt hvenær og í hvaða tilfellum sé rétt að setja frekari viðmið í formi leiðbeinandi reglna eða sérstakra siðareglna. Stjórnendur ríkisstofnana skulu tryggja að leiðbeiningarnar séu ávallt aðgengilegar starfsmönnum. Við ráðningu starfsmanna skulu leiðbeiningarnar kynntar þeim sérstaklega.

Vöruviðskipti í desember

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur fyrir 34,8 ma.kr. í desember (fob virði) og út fyrir 18,7 ma.kr. Vöru-skiptahallinn var því 16,1 ma.kr. sem er mesti halli í einum mánuði á sl. ári. Það sem helst skýrir þennan mikla halla í desember er að útflytningur dregst töluvert saman. Munar þar mestu um að verðmæti útflytts áls dregst töluvert saman frá nóvember þegar það náði sögulegu hámarki. Verðmæti útflyttra sjávarafurða dregst einnig nokkuð saman en er engu að síður hátt í sögulegu samhengi. Verðmæti innflyttra vara eykst lítillega á milli mánaða og er mikil aukning í innflytningi á hrá- og rekstrarvörum og er sú aukning til komin vegna mikils innflyttings á áloxíð í mánuðinum. Hvað aðra liði varðar er undirliggjandi samdráttur í innflytningu og er hann einna mest áberandi í hálf-varanlegum og óvaranlegum neysluvörum, en einnig er lítill innflytningur á eldsneyti í desember.

Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum fyrir desember er vöruskiptahallinn á sl. ári 100,2 ma.kr. sem er töluverður bati frá árinu 2006 þegar hallinn nam 153,2 ma.kr. Verðmæti útflytts áls eykst um rétt rúmlega 40% á milli ára og verðmæti útflyttra sjávarafurða um 3%. Einnig er töluverð aukning í verðmæti útflytts kísiljárns en verðmæti útflyttra landbúnaðarafurða dregst aftur á móti saman. Verðmæti innflyttrar mat- og drykkjarvöru eykst um 12,7% og verðmæti hrá- og rekstrarvara um 5,5%. Verðmæti innflyttra fjárfestingarvara dregst saman um rúm 11% eftir að dregið hefur úr umfangi stóriðjuframkvæmdanna en þessi liður er enn mjög hárf í sögulegu samhengi. Verðmæti innflyttra fólksbíla eykst um 8% og önnur flutningatæki til einknota um rétt rúm 30%. Aðrar ótaldar neysluvörur aukast um 7,1% og ber þar hæst innflytningur á varanlegum neysluvörum eins og heimilistækjum og húsbúnaði sem eykst um 18%.

Staðvirtur vöruinnflyttingur án skipa og flugvéla janúar 2003 – desember 2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,9	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	20,1	15,4
Eignarskattar	-42,6	27,5
Skattar á vöru og þjónustu	12,9	9,1
Tryggingagjöld	16,1	5,4
Tekjur alls	-6,2	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	-5,2
Heilbrigðismál	...	9,1
Alm.trygg. & velferðarmál	...	15,9
Efnahags- og atvinnumál	...	19,9
Menntamál	...	13,3
Gjöld alls	...	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	52.031	53.529
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	49.893	-8.116
Afborgun lána	-44.583	-33.828
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	1.661	-45.594
Lántökur	21.587	58.392
Greiðsluafkoma	23.248	12.798

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (des.)	7,0	5,9
Kjarnaverðbólga (des.)	7,0	5,8
Launavísitala (nóvember)	10,5	8,3
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,2	0,9